

## 80. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 13. febrúar 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mættir voru: Björn Sverrisson, formaður, Katrín Gísladóttir, Katrín Pálsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, Einar Gunnarsson, Elín G. Pálsdóttir, Sigrún Þórsteinsdóttir, Steinunn Helgadóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

#### 1. Skólabyrjun 2007.

Skólastarfið fór vel af stað í upphafi árs. Nokkrir kennarar fóru erlendis í janúar á námskeið tengt Numicon kubbum og eru viðkomandi þegar byrjaðir að miðla til annarra starfsmanna skólans.

#### 2. Námsmat / próf á miðönn 2007.

Þessa dagana fer fram námsmat í skólanum. Umsjónarkennarar meta með hvaða hætti nemendur eru prófaðir hverju sinni og í hvaða greinum. Foreldravíðtöl munu fara fram í framhaldi af miðannarlokum.

#### 3. Önnur mál.

Nemendaferðir í 5., 7. og 8. bekk. Fimmti bekkur fer í menningarferð á höfuðborgarsvæðið, sjöundi bekkur fer í skíðaferð og áttundi bekkur eru þessa dagana á Laugum í Dalasýslu.

Mikil veikindi hafa verið í skólanum bæði hjá starfsmönnum og nemendum og hefur það tekið mikinn toll af starfseminni undanfarið.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um leiktæki á lóð skólans síðan fyrir áramót hvort að brugðist hafi verið við því. Skólastjóri játti því að húsvörður hafi farið í málið og einnig að um leið og aðstæður leyfa verða leiktæki af leikskólalóð við Austurgötu færð á lóð skólans við Borgarbraut. Ítrekað var að rólur og fleira verði skoðað og séð til þess að leiktæki séu í lagi á skólalóðinni.

Fyrirspurn kom fram um eineltismál í skólanum. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni. Í framhaldi af því rætt um Olweus-verkefnið. Skólastjóri svaraði því til að verkefnið sem slíkt sé ekki í gangi núna sem slíkt innan skólans en byggt á því sem það starf hefur skilað. Umræður urðu um agamál og hegðun nemenda og í framhaldi af því um SOS-kerfið og markvissa foreldrafundi (hópfundi). Rætt að eitt brýnasta verkefnið innan skóla-samfélagsins og utan þess er að byggja upp sterka sjálfsmynd einstaklinga.

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

1. Í leikskólanum eru núna 77 börn alveg frá fjórum upp í níu og hálfan vistunartíma á dag. Tvö börn bættust við eftir áramót og nokkur hafa lengt dvöl sína.

2. Erna Rut Kristjánsdóttir var ráðin í 60% afleysingar til að mæta þessari aukningu núna.
3. Aðlögun að húsinu hefur gengið mjög vel og allir ánægðir, mikill munur á aðstöðu á allan hátt auðvelt og gott hús í umgengni. Starfsfólk og nemendur erum að koma sér smá smá saman fyrir í húsinu.
4. Smá verkum sem eftir eru í húsinu, verður vonandi lokið þegar opið hús verður 17. febrúar nk. og ennþá er aðeins eftir að klára í frágangi.
5. Leikskólinn búinn að fá mikið af góðum gjöfum, s.s. kubba, bækur, dvd-tæki, útvarp, hljóðkerfi, græjur og fleira ásamt því að foreldrafélagið gaf leikskólanum sex ný hjól sem notuð eru úti.
6. Opið hús verður 17. febrúar – nánar auglýst síðar.
7. Nú eru byrjaðar skólaheimsóknir, skiptinemaheimsóknir, allir kátir með það.
8. Sama skipulag verður haft út þetta skólaár en skipting á milli deilda verður skoðuð fyrir næsta vetur svo að deildir nýtist betur og mun Sigrún kynna það þegar nær dregur.
9. Byrjað er að fara mikið í gönguferðir í vali t.d. upp í hesthús og með vorinu verða væntanlega farnar ferðir í Nýrækt og fleira. Í heildina hafa flutningarnir gengið mun betur en fólk þorði að vona og hefur það m.a. verið fyrir tilstilli starfsmanna sem hafa lagt á sig aukna vinnu undanfarið.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra leikskólans.

Rætt var um nýja leikskólann, gott andrúmsloft, þögnina og fleira sem hefur breyst með tilkomu nýja húsnæðisins.

Gunnar bar hamingjuóskir til leikskólans f.h. grunnskólans og fagnaði vinnubrögðunum sem hafa verið viðhöfð í tengslum við byggingu leikskólans frá upphafi.

Fyrirspurn kom fram um aðgengi að leikskólanum. Skólastjóri svaraði því til að það sé í lagi enn sem komið er.

Fyrirspurn kom fram um leiktækin á lóðinni, kastalann og fleira. Skólastjóri svaraði því til að í leikskólanum eru börn frá 18 mánaða til sex ára og sum leiktæki reyni meira á eldri nemendur en vel sé fylgst með, reynslan sé að sýna að jafnvel muni vanta fleiri rólur ásamt sandkassa fyrir yngri börnin en það verði metið. Einnig er verið að skoða með annað rörið og breiðu rennibrautina af lóð leikskólans við Austurgötu.

## 2. Húsnæðismál grunnskóla og tónlistarskóla.

Formaður greindi frá fundi stýrihóps um skólahúsnæði sl. mánudag og kynnti jafnframt kynningarfund miðvikudagskvöldið 14. febrúar kl. 20.00 þar sem skýrsla vinnuhóps um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla verður kynnt. Skýrslan inniheldur engar niðurstöður heldur samantekt á vinnu hópsins.

Formaður sagði að hér hafi náðst fram góð vinna á góðum hraða og nú sé það bæjaryfirvalda að taka ákvörðun um næstu skref.

Skólastjóri grunnskóla lýsti einnig ánægju sinni með vinnuna sem fram fór innan vinnuhópsins og vonar að þetta skili sér margfalt til bæjarins og þessi aðferð hafi reynst vel.

Fulltrúi kennara lýsti einnig ánægju sinni með vinnuhópsins. Nefndi sérstaklega atriði sem kom fram í vinnunni og það var hve hópmeðlimum finnst jákvætt viðhorf til skólamála í bænum mikilvægt.

3. Önnur mál.

Rætt var um bréf og erindi sem berast til nefndarinnar og hvort að möguleiki sé að nefndarmenn geti kynnt sér viðkomandi erindi fyrir fundi svo að málefnaleg umræða geti orðið. Formaður tók undir það að sjálfsagt sé ýmislegt sem hægt er að bæta og þetta verði tekið til skoðunar og úrbætur gerðar. Formaður ræddi einnig námskeið, fyrir fulltrúa í nefndum sem fara með málefni skóla, sem eru framundan.

Formaður las bréf frá Menntamálaráðuneytinu varðandi dagsetningar samræmdra prófa vorið 2008. Samþykkt var að senda afrit af bréfinu til nefndarmanna.

Einnig rætt að ef að fastur fundartími fellur niður að senda tilkynningu um það og nýjan fundartíma þegar hann liggur fyrir.

Fyrirspurn kom fram um starfsemi stjórnar foreldrafélags grunnskólans í vetur. Skólastjóri svaraði því til að fundir hafi verið færri í vetur en áður en þetta getur verið mismunandi á milli ára.

Fyrirspurn kom fram um Numicon námskeiðið sem starfsfólk úr skóla fór á í janúar hvort að það hafi verið á vegum skólans. Skólastjóri svaraði því til að starfsfólk hafi verið á eigin vegum. Rætt var um möguleika þess að tengja svona ferðir við starfsfólk leikskóla þar sem um er að ræða efni sem báðir skólarnir eru að nota.

Fyrirspurn kom fram um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir elsta árgang leikskólans og hvort að það sé eitthvað sem eigi að skoða nánar hér. Einnig rætt hvort að skoða eigi korter fyrir og korter eftir heila tímann í leikskólanum og í framhaldinu rætt um námskrá og hlutverk leikskóla. Þessi atriði verða tekin til frekari umfjöllunar á næsta fundi.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.30

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.